



Reglur um ferðastyrki íþróttaráðs

Reglur um úthlutun ferðastyrkja íþróttaráðs.

1. Ferðastyrkir vegna landsliðsferða eru veittir til iðkenda íþróttafélaga í Kópavogi. Íþróttafélög sem bjóða uppá íþróttagreinar sem ekki eru stundaðar í Kópavogi geta einnig sótt um styrk til íþróttaráðs vegna iðkenda sem eiga lögheimili í Kópavogi.
2. Umsókn um ferðastyrk iðkenda þarf að berast frá íþróttafélagi, deild félags eða sérsambandi til íþróttadeildar. Í umsókninni þarf að koma fram ferðakostnaður. Styrkir eru ávallt greiddir að ferð lokinni gegn framvísun afrits af flugfarseðli/farseðlum.
3. Starfsmenn íþróttadeildar afgreiða ferðastyrki eftir því sem umsóknir berast að því gefnu að viðeigandi gögn fylgi umsókn. Því er hægt að senda inn umsóknir um ferðastyrki allan ársins hring.
4. Eftirfarandi gildir samkvæmt vinnureglum íþróttaráðs um ferðastyrki;
 - Ferð með landsliði er styrkt að upphæð kr. 30.000,- á iðkenda, óháð fjölda.
 - Greiði sérsamband eða aðrir aðilar fyrir ferð viðkomandi fellur styrkur frá íþróttaráði niður.
 - Íþróttaráð getur endurskoðað styrkupphæðir á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlun bæjarins.
5. Ekki eru greiddir ferðastyrkir fyrir ferðir innanlands.

Samþykkt í íþróttaráð Kópavogs **30. mars 2023**

Samþykkt í bæjarráði Kópavogs **13. apríl 2023**